



Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi
Dalbraut 12
840Laugarvatn

Umhverfisstofnun
Áb. _____
18. feb. 2015
Tilv. _____

Reykjavík 11. febrúar 2015
UST201502-062

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi (fyrrum) Biskupstungnahrepps 2000 - 2012, Reykjavegur og efnisnámur.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. er barst 13. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi fyrrum Biskupstungnahrepps. Í breytingartillögunni felst að við lagfæringar og endurbætur á Reykjavegi verða lítilsháttar breytingar á legu vegarins, en Reykjavegur breytist úr tengivegi í stofnveg. Einnig kemur fram í erindinu að breyting er áætluð vegna nýrrar efnisnámu við Byrgistanga í landi Efri Reykja.


Efnisnámur


Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við efnistökusvæði við Byrgistanga enda er efnistökusvæðið sýnt fyrir utan svæði á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun bendir á að á uppdrætti er einnig sýnd breyting á staðsetningu á Norðurtúnsnámu sem er staðsett milli Reykjavegar og Brúarár, sunnan Fullsæls. Staðsetningu þess efnistökusvæðis er breytt á tillögu að aðalskipulagsbreytingu, en á gildandi aðalskipulagi er sú náma staðsett utan svæðis á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun bendir á að við breytinguna færast náman inn á svæði á náttúruminjaskrá sem er nr. 739 og segir eftirfarandi í skránni: *"Brúará og Brúarskörð, Laugardalshreppi, Biskupstungnahreppi, Grímsneshreppi, Árnessýslu. (1) Brúará frá upptökum í Brúarskörðum og niður að ármótum Hvítár ásamt 200 m spildu beggja vegna árinna. (2) Lindá með óvenjulegum fossi, Brúarfossi. Fjölskrúðugur gróður og fuglalíf. Tilkomumikið landslag í Brúarskörðum."* Nú þegar hefur svæði við Brúará sem er innan svæðis á náttúruminjaskrá og er sunnan Fullsæls, verið raskað af efnistöku. Umhverfisstofnun vill taka það fram að í þessari umsögn um Reykjaveg og breytingar á honum og námu í landi Byrgistanga er stofnunin ekki að gefa umsögn um Norðurtúnsnámu. Að mati Umhverfisstofnunar er Norðurtúnsnáma efnistaka innan verndarsvæðis sem ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar. Umhverfisstofnun hefur borist erindi frá skipulagsfulltrúa um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000 - 2012 þar sem fjallað er um Norðurtúnsnámu í landi Syðri-Reykja.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að gengið verði snyrtilega um Byrgistanga námu og að rask nái ekki inná svæði nr. 739 á náttúruminjaskrá. Einnig er mikilvægt að forðast verði allt óþarfa rask á efnistökusvæðinu enda er það sýnilegt frá vegstæði Reykjavegar.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000 – 2012 er nær til Reykjavegar og lagfæringar og lítils háttar breytinga á legu hans, og Byrgistanganámu. Umhverfisstofnun ítrekar að hér er ekki verið að gefa umsögn um Norðurtúnámu í landi Syðri Reykja.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur